

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/671 2024/EES/65/03

frá 4. febrúar 2022

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar reglur um opinbert eftirlit sem lögbær yfirvöld inna af hendi með dýrum, afurðum úr dýraríkinu og kímefnum, eftirfylgniaðgerðir sem lögbært yfirvald á að grípa til ef ekki er farið að reglum um auðkenningu og skráningu nautgripa, sauðfjár og geita eða ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum meðan á umflutningi stendur á tilteknum nautgripum gegnum Sambandið og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum a- og c-lið 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um almennar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits sem lögbær yfirvöld inna af hendi til að sannprófa fylgni við reglur á fjölmörgum sviðum, þ.m.t. dýraheilbrigðiskröfur. Í þeirri reglugerð er einnig mælt fyrir um aðferðir og tækni í tengslum við opinbert eftirlit sem nær yfir skoðanir á athafnasvæðum, dýrum og vörum undir stjórn rekstraraðila. Að auki er í reglugerð (ESB) 2017/625 mælt fyrir um mögulegar aðgerðir sem lögbær yfirvöld eiga að grípa til í tilvikum þar sem staðfest er að ekki er farið að tilskildum ákvæðum, m.a. dýraheilbrigðiskröfur sem um getur í d-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 ⁽²⁾ voru 39 gerðir á sviði dýraheilbrigðis felldar úr gildi og þeim skipt út frá og með 21. apríl 2021. Sumar af kröfunum í gerðunum sem voru felldar úr gildi með eða samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 tengjast þó tiltekinni sérvirkni dýraheilbrigðistengds opinbers eftirlits og eftirfylgniaðgerða sem grípa á til í tilvikum þar sem staðfest er að ekki er farið að tilskildum ákvæðum samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/625, eins og sett er fram í 138. gr. hennar. Því ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um slíkar sértækar reglur um opinbert eftirlit og eftirfylgniaðgerðir sem lögbært yfirvald skal grípa til tilvikum þar sem staðfest er að ekki er farið að tilskildum ákvæðum.
- 3) Sérvirkni opinbers eftirlits og eftirfylgniaðgerðir í tilvikum þar sem staðfest er að ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við dýraheilbrigði tengjast innbyrðis. Þær gilda um síðari stig við tiltekna aðstæður og gilda mjög oft um sömu tegundir rekstraraðila og starfsstöðva. Ef sérstakra eftirfylgniaðgerða er þörf ætti að mæla um fyrir þær ásamt kröfum um sérvirkni opinbers eftirlits í tengslum við dýraheilbrigði. Með þessu er kveðið á um viðtækar ráðstafanir sem munu auðvelda framkvæmd og stuðla að heildareinföldun lagarammans á þessu sviði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 122, 25.4.2022, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

- 4) Framkvæmd opinbers eftirlits og eftirfylgniaðgerða í starfsstöðvum sem eru samþykktar í samræmi við framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 ⁽³⁾, (ESB) 2020/686 ⁽⁴⁾, (ESB) 2020/688 ⁽⁵⁾ eða (ESB) 2020/990 ⁽⁶⁾ krefst sérstakra réttinda og hæfis og valdheimilda á sviði dýralækninga. Opinbert eftirlit í þessum samþykktu starfsstöðvum felur í sér mat og sannprófun á fjölbreyttum sértækum gögnum og upplýsingum sem tengjast dýrum sem eru þar í haldi. Eitthvað af þessum gögnum og upplýsingum eru niðurstöður athugana sem hafa verið gerðar á dýrum en öðrum hafa rekstraraðilar, heilbrigðisstarfsmenn dýra, dýralæknar eða heilbrigðisstarfsmenn lagardýra safnað saman og skráð. Slík gögn og upplýsingar geta m.a. varðað lífeðlisfræðilegt eða meinafræðilegt ástand dýra, faraldsfræðilega þætti, niðurstöður úr skoðunum á ástandi, klínískum skoðunum eða skoðunum eftir dauða og prófanir á rannsóknarstofu og gögn og upplýsingar sem safnað er saman í tengslum við lífvarnaráðstafanir í starfsstöðvum og viðeigandi notkun og viðhald á búnaði og aðstöðu.
- 5) Í kímefnamiðstöðvum er þar að auki nauðsynlegt, vegna þess hversu flókinn og tæknilegur þessi tiltekni geiri er, að lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á opinberu eftirliti, búi yfir sérhæfðri þekkingu til að tryggja skilvirka og árangursríka framkvæmd skyldustarfa hans.
- 6) Því er viðeigandi að opinberir dýralæknar ættu að inna af hendi opinbert eftirlit í samþykktum starfsstöðvum sem eru með dýr í haldi eða meðhöndla kímefni í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/429. Í þessari reglugerð ætti að setja fram reglur um framkvæmd opinbers eftirlits í þessum starfsstöðvum.
- 7) Auk þess er í sumum aðildarríkjum til sérhæfð starfsgrein, sem er nefnd „heilbrigðisstarfsmenn lagardýra“, vegna sögulegra aðstæðna eða vegna skorts á dýralæknum til að sinna lagardýrum. Þessir heilbrigðisstarfsmenn eru samkvæmt venju ekki dýralæknar en stunda lagardýralækningar. Í þessari reglugerð ætti því að virða ákvörðun þeirra aðildarríkja sem viðurkenna þessa starfsgrein. Í þeim tilvikum ættu opinberir heilbrigðisstarfsmenn lagardýra að geta annast þá starfsemi sem er úthlutað til opinberra dýralækna þegar þeir inna af hendi opinbert eftirlit í samþykktum lagareldisstöðvum. Í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 mega þessir heilbrigðisstarfsmenn lagardýra annast þau verkefni sem er úthlutað til dýralækna á sviði dýraheilbrigðis, að því tilskildu að þeir hafi heimild til þess frá viðkomandi aðildarríki samkvæmt landslögum. Þessi meginregla ætti einnig að gilda í þessari reglugerð.
- 8) Meðal starfsstöðva sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 eru lokaðar starfsstöðvar með sérstaka stöðu þar eð þar eru oft fjölbreyttar dýrategundir í varanlegu haldi og skipti höfð á þeim við aðrar lokaðar starfsstöðvar. Kröfur varðandi samþykki og öruggan rekstur lokaðra starfsstöðva í tengslum við sóttkví, einangrun og aðrar lífvarnaráðstafanir, ráðstafanir til eftirlits með sjúkdómum og sjúkdómsvarna sem eru á ábyrgð dýralækna starfsstöðvarinnar gegna mikilvægu hlutverki til að tryggja að skipti á dýrum skapi ekki áhættu á útbreiðslu skráðra eða nýtilkominna dýrasjúkdóma milli aðildarríkja eða innan þeirra. Því er viðeigandi að tilgreina opinbert eftirlit sem ætti að fara fram í lokuðum starfsstöðvum.
- 9) Að því er varðar opinbert eftirlit til að staðfesta að farið sé að reglum um auðkenningu og skráningu á nautgripum, sauðfé og geitum ætti að mæla fyrir um sérstakar viðmiðanir til að aðstoða lögbær yfirvöld við áhættugreiningu við val á dýrum og starfsstöðvum sem á að skoða. Þegar þetta opinbera eftirlit er innt af hendi með dæmigerðu úrtaki dýra og í ljós kemur við þetta opinbera eftirlit að ekki er farið að tilskildum kröfum um auðkenningu og skráningu ættu lögbær yfirvöld, sem eftirfylgniaðgerð, að skoða öll dýr í þeirri starfsstöð.

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinnna landdýra í haldi og útungunareggja (Stjtið. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115).

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á landdýrum og útungunareggjum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 140).

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 frá 28. apríl 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur og vottunarkröfur vegna tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 42).

- 10) Í reglum Sambandsins er umflutningur gegnum Sambandið á nautgripum til undaneldis og framleiðslu, sem uppfylla ekki að öðru leyti dýraheilbrigðiskröfur vegna komu inn í Sambandið, leyfður samkvæmt sérstökum undanþágum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 ⁽⁷⁾ og (ESB) 2020/692 ⁽⁸⁾. Slíkur umflutningur ætti ekki að stofna heilbrigði dýra og manna í hættu í Sambandinu. Ef um er að ræða að ekki er farið að tilskildum ákvæðum, um misfellur er að ræða eða neyðarástand meðan á umflutningi stendur ætti því lögbært yfirvald að fyrirskipa slátrun eða aflífun þessara dýra þar eð sú ráðstöfun er mest viðeigandi til að vernda heilbrigði dýra og manna og velferð dýra. Í þessum tilvikum ættu lögbær yfirvöld einnig að fyrirskipa örugga förgun aukaafurða úr dýrum sem verða til, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ⁽⁹⁾.
- 11) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 ⁽¹⁰⁾ er mælt fyrir um stjórnsýsluviðurlög sem á að beita þegar staðfest er að ekki er farið að skilyrðum eða kröfum um auðkenningu og skráningu á nautgripum. Sú reglugerð var ekki felld úr gildi með ótvíræðum hætti með framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035. Að auki eru stjórnsýsluviðurlögin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 494/98 orðin óþörf í ljósi þeirra ráðstafana sem settar eru fram í 2. mgr. 138. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Til að tryggja réttaröryggi og samkvæmni ætti að fella reglugerð (EB) nr. 494/98 úr gildi með þessari reglugerð.
- 12) Reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ættu að gilda um Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Þessi reglugerð bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar tiltekna sértækar reglur um opinbert eftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkja ⁽¹¹⁾ í tengslum við dýr, afurðir úr dýraríkinu og kímefni til að staðfesta að farið sé að dýraheilbrigðiskröfunum sem um getur í d-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar og, ef nauðsyn krefur, að því er varðar tiltekna aðgerðir sem lögbær yfirvöld grípa til í kjölfar opinbers eftirlits:
- a) í tilteknum starfsstöðvum þar sem dýr eru í haldi,
- b) í tilteknum starfsstöðvum þar sem kímefnum er safnað, þau framleidd, unnin eða geymd.
2. Þessi reglugerð bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar aðgerðir sem lögbær yfirvöld aðildarríkja grípa til í kjölfar opinbers eftirlits í tengslum við tiltekna nautgripi í umflutningi.

⁽⁷⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73).

⁽⁸⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjtið ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 frá 27. febrúar 1998 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 að því er varðar beitingu vægustu stjórnsýsluviðurlaga í tengslum við kerfi um auðkenningu og skráningu nautgripa (Stjtið. EB L 060, 28.2.1998, bls. 78).

⁽¹¹⁾ Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þessa reglugerð varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429, framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035, framseldri reglugerð (ESB) 2020/686, framseldri reglugerð (ESB) 2020/688, framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 og framseldri reglugerð (ESB) 2020/990:

- a) „starfsstöð“ eins og hún er skilgreind í 27. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- b) „útungunarstöð“ eins og hún er skilgreind í 47. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- c) „samsöfnun“ eins og hún er skilgreind í 49. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- d) „söfnunarstöðvar fyrir hunda, ketti og frettur“ eins og þær eru skilgreindar í 7. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035,
- e) „dýraathvarf“ eins og það er skilgreint í 8. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035,
- f) „eftirlitsstöð“ eins og hún er skilgreind í 9. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035,
- g) „umhverfislega einangruð framleiðslustöð“ eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035,
- h) „samþykkt sóttkvíunarstöð“ eins og hún er skilgreind í 9. lið 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/688,
- i) „lokuð starfsstöð“ eins og hún er skilgreind í 48. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- j) „samþykkt kímefnamiðstöð“ eins og hún er skilgreind í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/686,
- k) „samþykkt lagareldisstöð“ eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990,
- l) „samþykktur hópur lagareldisstöðva“ eins og hann er skilgreindur í 11. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/990,
- m) „dýralæknir stöðvar“: eins og hann er skilgreindur í 14. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035,
- n) „nautgripur“ eins og hann er skilgreindur í 5. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.

3. gr.

Opinbert eftirlit í tilteknum samþykktum starfsstöðvum

1. Opinberir dýralæknar eða, ef um er að ræða samþykktar lagareldisstöðvar og samþykktá hópa lagareldisstöðva, opinberir dýralæknar eða opinberir heilbrigðisstarfsmenn lagardýra skulu sinna opinberu eftirliti til að staðfesta að farið sé að dýraheilbrigðiskröfunum sem um getur í d-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og mælt er fyrir um í og samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 í eftirfarandi tegundum starfsstöðva sem hafa hlotið samþykki lögbærs yfirvalds:

- a) útungunarstöðvum og starfsstöðvum sem halda alifugla,
- b) starfsstöðvum fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla,
- c) söfnunarstöðvum fyrir hunda, ketti og frettur,
- d) dýraathvörfum fyrir hunda, ketti og frettur,
- e) eftirlitsstöðvum,
- f) umhverfislega einangruðum framleiðslustöðvum fyrir hunangsflugur,
- g) samþykktum sóttkvíarstöðvum,
- h) lokuðum starfsstöðvum,

- i) samþykktum kímefnamiðstöðvum,
- j) samþykktum lagareldisstöðvum,
- k) samþykktum hópum lagareldisstöðva.

Við opinbert eftirlit sem um getur í fyrstu undirgrein skal einkum staðfesta að rekstraraðilar sem bera ábyrgð á samþykktum starfsstöðvum haldi áfram að fara að kröfum um samþykki fyrir þessum starfsstöðvum.

2. Opinbert eftirlit sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal fela í sér skoðanirnar sem um getur í b-lið 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 sem skulu framkvæmdar a.m.k. í samræmi við lágmarkstíðnina ef slík tíðni er fastsett í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/160 ⁽¹²⁾.

3. Heimilt er að sameina skoðanirnar sem um getur í 2. mgr. við:

- a) opinbert eftirlit sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- b) annað opinbert eftirlit til að staðfesta að farið sé að kröfunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða
- c) annað opinbert eftirlit, skoðanir eða heimsóknir sem kveðið er á um í reglum Sambandsins.

4. gr.

Sértækar reglur um opinbert eftirlit í lokuðum starfsstöðvum fyrir landdýr

Þegar opinber dýralæknir innir af hendi opinbert eftirlit í lokuðum starfsstöðvum fyrir landdýr skal hann einkum:

- a) staðfesta með skoðun á skráum um tilflutninga að dýr sem koma inn í tilgreinda lokaða starfsstöð komi einungis frá annarri lokaðri starfsstöð eða hafi verið í sóttkví í samræmi við 1. lið 9. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035,
- b) staðfesta að niðurstöður úr klínískum rannsóknum, prófunum á rannsóknarstofu og skoðunum eftir dauða sem dýralæknir lokaðrar starfsstöðvar framkvæmir útiloki allar grunsemdir um skráða eða nýtilkomna sjúkdóma,
- c) staðfesta að ef grunsemdir hafa vaknað um að skráðir eða nýtilkomnir sjúkdómar séu til staðar tilkynni rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á lokuðu starfsstöðinni, lögbæru yfirvaldi um þennan grun og mildi mögulega áhættu á útbreiðslu slíkra sjúkdóma í og utan við lokuðu starfsstöðina og
- d) gera úttekt á starfsemi dýralæknis lokuðu starfsstöðvarinnar og framkvæmd og niðurstöðum áætlunar um eftirlit með sjúkdómum, sem um getur í a-lið 2. liðar 9. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, og einkum staðfesta að áætlunin um eftirlit með sjúkdómum hafi verið yfirfarin og uppfærð a.m.k. árlega í samræmi við þessar kröfur.

5. gr.

Sértækar reglur um opinbert eftirlit til að staðfesta að farið sé að kröfum um auðkenningu og skráningu nautgripa, sauðfjár eða geita og um eftirfylgniaðgerðir ef um er að ræða að ekki er farið að þessum kröfum

1. Opinbert eftirlit til að staðfesta að farið sé að kröfum um auðkenningu og skráningu nautgripa, sauðfjár eða geita skal taka til skoðana, sem um getur í b-lið 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, á nautgripum, sauðfé eða geitum í starfsstöðvum þar sem slík dýr eru í haldi og inntar eru af hendi í samræmi við a.m.k. þá lágmarkstíðni sem sett er fram í 6. gr. Framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/160.

⁽¹²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/160 frá 4. febrúar 2022 um samræmda lágmarkstíðni tiltekens opinbers eftirlits til að staðfesta að farið sé að dýraheilbrigðiskröfum Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1082/2003 og (EB) nr. 1505/2006 (Stjtíð. ESB L 26, 7.2.2022, bls. 11).

2. Heimilt er að sameina skoðanirnar sem um getur í 1. mgr. við:
 - a) opinbert eftirlit sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - b) annað opinbert eftirlit til að staðfesta að farið sé að kröfunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða
 - c) annað opinbert eftirlit, skoðanir eða heimsóknir sem kveðið er á um í reglum Sambandsins.
3. Við val á starfsstöðvum til skoðunar skal lögbært yfirvald taka tillit til eftirfarandi viðmiðana í áhættugreiningu sinni, til viðbótar við þær sem settar eru fram í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:
 - a) fjölda dýra í starfsstöð,
 - b) tegunda dýra sem eru til staðar og auðkennd í starfsstöð,
 - c) umtalsverðra breytinga í samanburði við fjölda eða tegundir dýra í starfsstöðinni á næstliðnum 5 árum og
 - d) allra annarra viðeigandi viðmiðana sem aðildarríki þess skilgreinir.
4. Við framkvæmd skoðunar, sem um getur í 1. mgr., skal lögbært yfirvald skoða alla nautgripi, sauðfé og geitur í viðkomandi starfsstöð.
5. Ef fjöldi dýra sem á að skoða í starfsstöðinni fer yfir 20 er lögbæru yfirvaldi heimilt, þrátt fyrir 4. mgr., að ákveða að skoða dæmigert úrtak af þessum dýrum ef fjöldi skoðaðra dýra er nægilegur til að greina, með 95% öryggi, 5% tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.
6. Ef skoðun, sem um getur í 1. mgr., er framkvæmd á dæmigerðu úrtaki af dýrum í starfsstöð í samræmi við 5. mgr. og sú skoðun staðfestir að ekki var farið að kröfum varðandi auðkenningu og skráningu skal lögbært yfirvald skoða alla aðra nautgripi, sauðfé og geitur í starfsstöðinni.
7. Þrátt fyrir 6. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða að skoða dæmigert úrtak af dýrum í þeirri starfsstöð til að tryggja að fjöldi skoðaðra dýra sé nægilegur til að áætla, með 95% öryggi, tilvik yfir 5% þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, með nákvæmni sem nemur $\pm 2\%$.

6. gr.

Eftirfylgningaágerðir ef um er að ræða að ekki er farið að tilskildum ákvæðum um umflutning á tilteknum nautgripum gegnum Sambandi

Þegar sendingar af nautgripum, sem uppfylla sérstök skilyrði um heilbrigði dýra vegna komu inn í Sambandið, eru í umflutningi gegnum Sambandið skv. b-lið 1. mgr. 176. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 í tengslum við a-lið 1. mgr. 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2124 skal lögbært yfirvald fyrirskipa slátrun eða aflifun dýranna og förgun þeirra sem efni í 2. flokki, sem um getur í i.-lið f-liðar 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ef um er að ræða að ekki var farið að tilskildum ákvæðum við tilflutning milli landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sendingarnar komu inn í Sambandið og landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sendingarnar fóru frá yfirráðasvæði Sambandsins.

7. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 494/98 er felld úr gildi.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
